

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 17. ágúst 2021.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Sálrænn stuðningur, bókun 14 [2020]

Aðilar eru sammála um að vinna áfram samkvæmt samkomulagi aðila um sálrænan stuðning sem undirritað var á 6. september 2018 og koma fjármögnun verkefnisins í tryggan farveg. Samstarfsnefnd aðila er falið verkefnið.

Niðurstaða:

Bókunin rædd og fer til áframhaldandi vinnslu samstarfsnefndar.

2. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Umræða tekin og málið unnið áfram.

3. Félagsaðild. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn hjá sveitarfélagi

Hlutastarfandi slökkviliðsmenn hjá sveitarfélagi hafa fært sig yfir til LSS. LSS reifar málið.

Niðurstaða:

SNS tekur málið til skoðunar með sveitarfélaginu.

4. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra hjá sveitarfélagi

Málið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

5. 14. kafli kjarasamningsins.

Samstarfsnefnd ræðir 14. kafla kjarasamningsins og telur ástæðu til að áréttta þá túlkun á 14. kafla kjarasamningsins að í grein 14.2.1. stendur að um *hlutastarfandi slökkviliðsmenn gilda ekki önnur ákvæði kjarasamningsins en gr. 14.2 og 14.4.* Við útreikning tímakaups *hlutastarfandi slökkviliðsmanna er ekki tekið mið af persónuálagi samkvæmt 10. kafla kjarasamnings þessa og í grein 14.3.1. stendur um hlutastarfandi sjúkraflutningamenn gilda ekki önnur ákvæði kjarasamningsins en gr. 14.3 og 14.4.* Við útreikning tímakaups *hlutastarfandi sjúkraflutningamanna er ekki tekið mið af persónuálagi samkvæmt 10. kafla kjarasamnings þessa.*

Fleira ekki gert